



Viðtakandi: Leikskóla- og daggæsluráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 3. september 2026

SFS26060275

MINNISBLAÐ

Ráðningar leikskólastjóra hjá skóla- og frístundasviði, febrúar – ágúst 2026

Vegna ráðninga stjórnenda á skóla- og frístundasvið á tímabilinu febrúar - ágúst 2026 eru veittar eftirfarandi upplýsingar:

Allar stöðurnar voru auglýstar á vef Reykjavíkurborgar og á vef Alfreðs á tímabilinu janúar til ágúst 2026. Byggt á heildstæðu mati á umsækjendum voru hæfustu umsækjendurnir ráðnir.

Á tímabilinu voru sex leikskólastjórar ráðnir.

Í febrúar 2026 var Dagbjört Svava Jónsdóttir ráðin leikskólastjóri í Rauðhól. Staðan var auglýst 15. janúar 2026 og umsóknarfrestur rann út 5. febrúar 2026. Sjö umsækjendur voru um stöðuna, sex konur og einn karl. Þrír voru boðaðir í viðtal. Dagbjört Svava er menntuð í leikskólakennarafræðum B.ed og M.ed frá HÍ og hefur starfað sem stjórnandi í leikskólum frá árinu 2001. Hún starfaði m.a. sem deildarstjóri 2016-2019 og leikskólastjóri 2019-2021.

Í mars 2026 var Helena Jónsdóttir ráðin leikskólastjóri í Klettaborg. Staðan var auglýst 23. mars 2026 og umsóknarfrestur rann út 6. apríl 2026. Fjórir umsækjendur voru um stöðuna, allt konur. Tveir voru boðaðir í viðtal. Helena hefur lokið MLM námi í forystu og stjórnun, MS í mannauðsstjórnun og M.Ed í stjórnunarfræði menntastofnana. Hún er með B.Ed gráðu í sérskipulögðu námi fyrir leikskólakennara. Hún hefur starfað sem leikskólastjóri frá árinu 2014 og deildarstjóri frá árinu 1998.

Í apríl 2026 var Harpa Ingvadóttir ráðin leikskólastjóri í Austurborg. Staðan var auglýst 13. mars 2026 og rann umsóknarfrestur út 27. mars 2026. Fjórir umsækjendur voru um stöðuna, allt konur. Tveir voru boðaðir í viðtal. Harpa er með B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum og hefur lokið diplómagráðu á framhaldsstigi í jákvæðri sálfræði. Hún hefur fjölbreytta reynslu af leikskólastarfi og hefur starfað sem leikskólakennari, deildarstjóri og aðstoðarleikskólastjóri frá árinu 1999-2018. Hún hefur starfað sem leikskólastjóri frá árinu 2018.



Reykjavík



Í júní 2026 var Deep Shika ráðin leikskólastjóri í Vesturborg.
Staðan var auglýst 21. maí 2026 og umsóknarfrestur rann út 3. júní 2026.
Sjö umsækjendur voru um stöðuna, sex konur og einn karl. Einn dró umsókn sína til baka. Þrír voru boðaðir í viðtöl.
Deep Shika er með leyfisbréf í kennslu, meistarapróf í ensku og meistarapróf í kennslufræðum og BA í íslensku sem annað tungumál.
Hún hefur starfað sem leikskólastjóri í þrjú ár, aðstoðarleikskólastóri í tvö ár og deildarstjóri í átta ár.

Í júní 2026 var Linda Rún Traustadóttir ráðin leikskólastjóri í Hlíð.
Staðan var auglýst 21. maí 2026 og umsóknarfrestur rann út 3. júní 2026.
Fimm umsækjendur voru um stöðuna, fjórir konur og einn karl. Þrír voru boðaðir í viðtal.
Linda Rún er með M.Ed í menntunarfræðum leikskóla, MS í stjórnun og stefnumótun, diplóma í opinberri stjórnsýslu og BA í sálfræði.
Hún hefur starfað sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri í þrjú ár og sérkennslustjóri í fjögur ár.

Í júní 2026 var Inga Dóra Hlíðdal Magnúsdóttir ráðin leikskólastjóri í Seljaborg.
Staðan var auglýst 4. júní 2026 og rann umsóknarfrestur út 18. júní 2026.
Átta umsækjendur voru um stöðuna, sjö konur og einn karl. Einn dró umsókn sína til baka. Þrír voru boðaðir í viðtöl. Inga Dóra er með M.ed í menntunarfræðum og viðbótardiplómu í menntastjórnun og matsfræði. Hún hefur nokkurra ára reynslu sem deildarstjóri, aðstoðarleikskólastjóri í fjögur ár og hefur gengt stöðu leikskólastjóra í þrjú ár.

